

Skóla-akur



Vefrit um skólamála 16. tbl. 5. árg. 3. nóvember. 2011

Myndir augnabliksins eru frá Glerárskóla. Nemendur tóku þátt í norræna skólahlaupinu þann 21. október og hlupu Skarðshlíðarhringinn.



Heimspækikaffihús: Heimspækileg samræða í samfélagi og skóla.

Sunnudaginn 6. nóvember kl. 11.00 verður framhaldið fundaröð kenndri við heimspæki og kaffihús. Fundarstaður er á Bláu könnunni en þetta er fimmta árið í röð sem heimspækikaffi að hausti hefur verið liður í menningarlífi Akureyringa.

Aðstandendur þessa mannfagnaðar eru Félag áhugafólks um heimspæki, Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri og Bláa kannan.

Að þessu sinni munu Aðalbjörg Steinarsdóttir og Helga María Þórarinsdóttir fjalla um: *Barnaheimspæki - heimspækilegar vangaveltur með leikskólabörnum.*

Framundan í vetur á sunnudögum kl. 11-12:

13. nóvember.

Brynhildur Sigurðardóttir

Heimspækin og sannleiksleit grunnskólabarna.

20. nóvember.

Kristín Sætran

Heimspækileg nálgun í framhaldsskóla.

27. nóvember.

Halla Jónsdóttir

Aðferðir heimspékinnar í háskólanámi.

4. desember.

Katrín Jakobsdóttir

Heimspækileg samræða – samfélagsleg samræða.

Hugmyndin um heimspækikaffihús á rætur að rekja til morgunfundar heimspékings og nokkurra kunningja hans á kaffihúsi í París árið 1992. Róbert Jack, heimspékingur og höfundur bókarinnar Hversdagsheimspæki (Háskólaútgáfan 2006), stóð fyrir fyrsta íslenska heimspækikaffihúsinu haustið 2005. Heimspækikaffihús er ekki háfleyg rökræða nokkurra útlærðra heimspékinga heldur heimspækileg samræða á venjulegu mannamáli. Hver sem er getur tekið þátt í henni svo framarlega sem hann er tilbúinn að hlusta á aðra og færa rök fyrir máli sínu.

Skólaþing sveitarfélaga.

Skólaþing sveitarfélaga verður haldið föstudaginn 4. nóvember nk. á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu, kl. 9-16.

Skólaþingið er ætlað kjörnum fulltrúum og framkvæmdarstjórnnum sveitarfélaga, stjórnendum og starfsfólki skólaskrifstofa og skólastjórnendum. Markmiðið með þingi sem þessu er að skapa samráðs- og lærdómsvettvang milli sveitarfélaga og milli kjörinna fulltrúa og ráðinna stjórnenda skólamála í sveitarfélögum. Þingið er hugsað sem vettvangur til að móta stefnu sveitarfélaga í þessum mikilvæga málaflökki og ræða stöðu almennt. Gert er ráð fyrir virkri þátttöku þinggesta í umræðuhópum.

Að þessu sinni verða meginumfjöllunarefni skólaþingsins tvö, þ.e. innleiðing nýrra aðalnámskráa fyrir leik- og grunnskóla og sameining og samrekstur skóla. Að auki mun mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, fjalla um stöðu skólamála, fulltrúi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga mun fjalla um úthlutun framlaga til tónlistarfræðslu á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 23. maí 2011, og fleiri áhugaverð erindi verða flutt.

Sjá nánar á <http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/skolathing-og-malstofur/skolathing-2011/>

Í dagsins önn.

Þann 16. nóvember er dagur íslenskrar tungu. Sá dagur er haldinn hátíðlegur á fæðingardeggi Jónasar Hallgrímssonar. Skólar og stofnanir landsins halda upp á daginn með ýmsum hætti. Á vef Námsgagnastofnunar er að finna ýmsan fróðleik og upplýsingar um mánuðina og merki-lega daga. Sjá nánar á <http://nams.is/1-dagsins-onn/Islenka/Pistill/2011/10/28/Tunglskin-i-november/>

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af Skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8 - 13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Skólastefna Akureyrarbæjar.

Á næstu vikum munu birtast hér áherslur úr skólastefnu Akureyrarbæjar. Það er alltaf gott að rifja upp.

Viðmið um gæði

Tilgangur og skipulag.

Markmið: Skólar Akureyrarbæjar séu sjálfstæðar stofnanir sem beri faglega og fjárhagslega ábyrgð og leysi sjálfir sem flest viðfangsefni sem upp koma í daglegu skólastarfi undir forystu skólastjórnenda.

Í góðum skóla...

- leggja skólastjórnendur áherslu á skilvirkt og metnaðarfullt skólastarf og góða nýtingu á skólatíma nemenda.
- er sterk fagleg forysta og forgangsröðun verkefna skýr.
- hefur skólastjóri forystu um umbóta- og þróunarstarf.
- er formlegt og sýnilegt sjálfsmatskerfi sem tekur mið af aðalnámskrá, skólastefnu og skólanámskrá.
- er árlega gefin út sjálfsmatskýrsla, hún gerð opinber og kynnt ítarlega.
- er stuðlað að aukinni kostnaðarvitund í skólasamfélaginu.
- er starfsfólk meðvitað um fjárhagsramma skólans.
- er rekstraráætlun skólans kynnt á opnum fundi og farið yfir forgangsröðun verkefna.

Námshagnastofnun.

Dagur íslenskrar náttúru - Safnvefur. Námsgangastofnun hefur í samvinnu við Landvernd útbúið safnvef með fróðleik og verkefnum í tengslum við aldur Íslands, landslag, friðlýst svæði og fjöruna.

Sjá nánar á http://vefir.nams.is/dagsins/dagur_isl_natturu/index.html

Vefrit mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Vefritið hefur göngu sína að nýju og verður sent út á mánudögum. Efni vefritisins er einkum sótt af vefsíðu ráðuneytisins og er í formi tengla á hana. Sjá nánar á <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/vefrit/201111710/nr/6264>

Málþing um aðalnámskrá leikskóla.

Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla, mennta og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga bjóða til málþings um nýja aðalnámskrá leikskóla. Málþingið verður haldið á Hótel KEA mánudaginn 14. nóvember. Málþingið hefst kl. 09.00 og lýkur kl. 15.15.

Nánari upplýsingar og skráning er á vef Menntamálaráðuneytisins <http://www.menntamalaraduneyti.is/>

Þróunarverkefni í Pálmholti, Lundarseli og Flúðum.

Leikskólarnir þrír eru að vinna verkefni með elsta árgangi skólanna ásamt nemendum í 1. bekk Lundarskóla. Verkefnið heitir Leikum og lærum og er markmiðið með því m.a. að finna leiðir til að auðvelda börnum flutning á milli skólastiga og þróa og samræma lestarumhverfi í leikskólum við Byrjendalæsi sem er sú lestarkennsluáferð sem er notuð í Lundarskóla. Verkefnið fékk styrk úr Sprotasjóði, þróunarsjóði leik- og grunnskóla. Í lok október komu öll börnin saman í Lundarskóla og fluttu leikrit, sungu og lásu upp. Einnig voru sýnd verkefni sem unnin hafa verið í haust og vetur. Allir skólarnir vinna með sama þema sem er ævintýrið um Búkollu. Myndirnar eru teknar af heimasíðu Pálmholts.



Samráðsþing Félags stjórnenda leikskóla 2011.

Á fundi samráðsnefndar FSL var ákveðið að halda samráðsþing á fjórum stöðum á landinu og þann 15. nóvember verður slíkt þing haldið í menningarhúsinu Hofi á Akureyri.

Samráðsþing er leið FSL til að bjóða félagsmönnum símenntun um stjórnun, tækifæri félagsmanna til að hitta fulltrúa stjórnar og ræða málefni félagsins og vettvangur félagsmanna til að hitta vini og kollega til skrafs og ráðagerðar.

Þingið er opið öllum félagsmönnum þeim að kostnaðarlausu, en mikilvægt er að skrá sig fyrir 10. nóvember með því að senda tölvupóst á netfangið